



Reykjavík, 30. júní 2025

MSS24100061

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttindaráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu

Svar við fyrirspurn öldungaráðs um Lausnateymi

Á fundi öldungaráðs þann 9. október 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn, sbr. 9. lið fundargerðar öldungaráðs sama dag:

Í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024 voru skipuð Lausnateymi. Þau sinna m.a. flóknum málum sem tengjast þjónustu við eldra fólk og ofbeldi. Óskað er upplýsinga um hvernig Lausnateymin hafa virkað; Eru til tölulegar upplýsingar fyrir tímabilið 2022-2024 um þau verkefni sem Lausnateymin/ og eða aðrir aðilar hjá heimaþjónustu Reykjavíkur, hafa fengist við m.t.t. ofbeldis gegn eldra fólki? Hvernig er skiptingin á þeim tegundum ofbeldis sem hafa verið tilkynnt út frá fjölda, aldri og kyni?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar velferðarsviðs.

Svar:

Í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024 var í aðgerð 22 lagt upp með að sett yrði á fót Lausnateymi sem staðsett yrði hjá SELMU, sem er sérhæft, þverfaglegt, færanlegt, öldrunarteymi í heimaþjónustu velferðarsviðs. Lausnateyminu var ætlað að sinna flóknum málum sem tengjast þjónustu við aldraða m.a. málum sem tengjast heimilisofbeldi.

Lausnateymi var skipað með erindisbréfi árið 2022 og var skilgreint sem vettvangur þar sem tekin væru fyrir mál Reykvíkinga sem þurftu á heimaþjónustu að halda, en erfiðlega hafði gengið að koma þjónustu á eða að veita hana. Markmið teymisins var að liðka fyrir að þjónusta geti gengið upp með því að nýta þverfaglegt samstarf og úrræði þvert á kerfi. Jafnframt að koma með tillögur að sérsniðnum lausnum ef þau úrræði nægðu ekki.

Í teymið voru skipaðir eftirfarandi aðilar; verkefnisstjóri SELMU, félagsráðgjafi af velferðarsviði Reykjavíkurborgar, öldrunarhjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, félagsráðgjafi af geðsviði Landspítala og fulltrúi frá Lögreglunni.

Á tímabilinu voru 15 mál tekin fyrir í Lausnateyminu. Málin tengdust, auk ofbeldis, geðrænum vanda, fíkn, heilabilun, krónískum sýkingum, bágun heimilisaðstæðum, heimilisleysi og almennri versnun heilsufars. Þau mál sem lausnateymi hefur komið að og tengjast ofbeldi sérstaklega skv. skráningu SELMU 2022-2024 eru eftirfarandi: þrjú mál þar sem ofbeldistilburðir aðstandanda höfðu áhrif á veitingu þjónustu, ofbeldi gagnvart tveimur konum sem voru notendur heimaþjónustu. Að öðru leyti var



Reykjavík



heildarsamnefnari málanna erfiðleikar við þjónustuveitingu, oft vegna höfnunar einstaklinga á umönnun eða þjónustu sem þeir virtust í mikilli þörf fyrir og olli þannig vanda tengt sjálfstæðri búsetu þeirra. 11 mál voru langvarandi, unnin á grunni þétts samráðs innan heimaþjónustunnar og/eða með aðkomu heilsugæslu, Landspítala eða annarra utanaðkomandi aðila.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir

skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu



Reykjavík